

27 **Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og**
 1. febr. **vesturamtinu um sameining Austur-Skaptafellssýslu við austur-**
amtið. — Með brjefi þessu, sem að mestu er samhljóða brjefinu til amtm.
 í norðuramtinu og austuramtinu um sama efni, leggur landshöfðingi fyrir
 amtm. í suðuramtinu og vesturamtinu, »að leita álits sýslunefndanna í báðum
 Skaptafellssýslum og Rangárvallasýslu um áminnsta sameiningu, er tiltækileg-
 ast virðist að koma fram á þann hátt, að 3 nyrztu hrepparnir í Suður-Múla-
 sýslu væru lagðir undir Norður-Múlasýslu, Austur-Skaptafellssýsla sameinuð við
 hinn hluta Suður-Múlasýslu, og Vestur-Skaptafellssýsla við Rangárvallasýslu, er
 ekki getur verið frágangssök, ef sýslumenn eru búsettir á hentugum stað«.

28 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamt-**
 2. febr. **inu um sveitfesti þurfalings.** — Eptir að jeg hefi móttakið þóknanlegt
 brjef yðar, herra amtmaður, dags. 30. f. m. viðvikjandi áfrýjan hreppsnefndar-
 innar í Vatnsleysustrandarhreppi á úrskurði amtsins, dags. 27. júlí f. á.,
 er sker svo úr ágreiningi um sveitfesti Bjarna Hinrikssonar frá Naustakoti, að
 hann sje sveitlægur í Vatnsleysustrandarhreppi, eins og sýslumaðurinn í Gull-
 bringusýslu áður hafði úrskurðað, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg samkvæmt ástæðum
 þeim, er þjer takið fram í nefndu brjefi yðar, hlýt að vera yður samdóma um,
 að fullnægar sannanir sjeu komnar fram fyrir því, að lán það, sem tjeður
 Bjarni Hinriksson hefur þegið í Vatnsleysustrandarhreppi haustið 1885 hafi ekki
 verið löglega veittur eða lögmaetur sveitarstyrkur, og með því að ekkert ann-
 an er fram komið, er varni því, að 10 ára viðurkennd dvöl Bjarna í Vatns-
 leysustrandarhreppi hafi aflað honum sveitfesti þar í sveit, þá skal úrskurður
 amtsins í máli þessu í öllum greinum óraskaður standa.¹

1) Brjef amtmannsins er svohljóðandi:

Með háttvirtu brjefi, dags. 8. desbr. f. á. hefur herra landshöfðinginn
 sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi, dags. 18. nóvbr.
 næst á undan, með 15 fylgiskjölum, þar sem áfrýjað er úrskurði amtsins, upp-
 kveðnum 27. júlí f. á., um sveitfesti Bjarna Hinrikssonar frá Naustakoti, og
 jafnframt skorað á mig að segja álit mitt um nefnt erindi, og senda önnur þau
 skilríki, snertandi nefnt sveitfestismál, er kunní að vera í vörzlum amtsins.
 Samkvæmt þessu skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að athuga um málið það
 er hjer segir.

Það er viðurkennt, að Bjarni Hinriksson hafi orðið heimilisfastur í Vatns-
 leysustrandarhreppi eigi síðar en vorið 1878, og að hann hafi stöðugt dvalið
 þar í hreppnum eptir það til dauðadags, en hann ljest í desembermánuði 1889.
 Því hefur eigi verið hreift, að vera hans í hreppnum hafi verið ólögleg (svo
 sem ólögleg húsmennska). Hafi hann því ekki þegið sveitarstyrk löglega á ára-
 bilinu 1878—1888, hefur hann á dánardægri verið búinn að vinna sjer sveit í
 Vatnsleysustrandarhreppi. Um þetta er heldur ekki deila milli hlutadeigandi
 hreppafjelaga, heldur um það, hvort Bjarni hafi á tjeðu árabili þegið sveitar-
 styrk í Vatnsleysustrandarhreppi. Hreppsnefndin þar tjáir, að hann hafi haust-
 ið 1885 þegið þar í hreppi fátækra styrk, að upphæð 28 kr., og síðar, eða eptir

Brjef landshöfðinga til stiptyfirvaldanna um sölu á hálfum 29

Ormsdal. — Eptir að jeg hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland erindi það frá 11. febr. Júlíusi Halldórssyni hjerads-lækni, er fylgdi þóknanlegu brjefi stiptyfirvaldanna dags. 29. ág. f. á., hefur ráðgjafinn nú með brjefi dags. 31. desbr. f. á. tjáð mjer, að samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum sínum hafi hans hátígn konunginum 11. s. m. allramildilegast þóknazt að samþykkja, að selja megi tjeðum lækni þann hluta Ormsdals, sem tilheyrir Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnavatnssýslu, fyrir 150 kr., en greiða verði nefndur læknir tíund og önnur gjöld til hins opinbera af nefndum landsparti, þegar hann er orðinn eign hans, svo sem af öðrum bændaeygnum.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra amtmaður og háæruverði herra, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

nýjár 1886, hafi hann ennfremur fengið af fátækrafje vörur fyrir 1 kr. 44 a. En hann hafi, þegar hann ljezt, verið búinn að borga upp í skuld þessa smátt og smátt svo mikið, að eptir hafi þá staðið að eins 11 kr. 04 a.

Á hinn bóginn, eða af hálfu hins forna Álptanesshrepps, þar sem Bjarni mótmælalaust var sveitlægur þegar hann fluttist í Vatnsleysustrandarhrepp, er því haldið fram, að ofanefndur styrkur hafi eigi verið löglega veittur fátækra-styrkur, og hafi því eigi getað hamlað því, að Bjarni yrði sveitfastur í Vatnsleysustrandarhreppi.

Jeg verð nú enn að halda fram þeirri skoðun, þrátt fyrir hina nýju skýrslu hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi og hið óstaðfesta vottorð Vatnsleysubændanna (dags. 11. okt. f. á.), að vanrækt hafi verið að nauðsynjalausu, að rannsaka heimilisástæður Biarna, áður en styrkurinn var veittur, og að hann, þegar af þeirri ástæðu, verði eigi talinn lögmætur sveitarstyrkur.

En jafnframt því virðist það athugasvert, að eptir framburði ekkju Bjarna hefur hann sjálfur álitid styrk þennan lán af hallærisfje, sem átti að endurborgast hreppnum, og af hreppnum aptur landssjóði, en það er mjer kunnugt, að slík lán (hallærislán) voru á þeim tíma, sem hjer ræðir um (1885—1886), almennt eigi talin fátækra-styrkur í Vatnsleysustrandarhreppi, og að sjálf sveitarstjórnin hafi framan af, eða áður en Bjarni ljezt, ekki í alvöru talið þetta löglegan sveitarstyrk, virðist mega ráða af því, að við skiptinguna á Vatnsleysustrandarhreppi, skömmu fyrir lát Bjarna, var hann og hyski hans hiklaust talið með ómögum þessa hrepps. Það er og augljóst, að það var eigi nein brýn ástæða fyrir hreppsnefndina í Vatnsleysustrandarhreppi til þess að hlaupa til og veita Bjarna fátækra-styrk, þar sem næsti hreppurinn var framfærsluhreppur hans, og hann á dagstund gat komizt þangað, og krafið *rjetta hlutadeigendur* um, að veita sjer þann styrk, sem hann kann að hafa þarfnazt. Þá sýnist það og vera athugandi, að eptir því, sem segir í úrskurði sýlumanns, hefur verið lagt aukaútsvar á Bjarna til Vatnsleysustrandarhrepps öll árin 1880—81 og 1889—90, 8 til 16 krónur árlega.

Með framanrituðum athugasemdum leyfi jeg mjer hjermeð virðingar-fyllst að endursenda herra landshöfðingjanum erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi með 15 fylgiskjólum, og læt jeg jafnframt fylgja með bref sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu til amtsins, dags. 4. júlí 1891, en fleiri skjöl eru eigi í mínum vörzlum, er geti verið til upplýsingar í máli-þessu.